

Kópavogsbær
Bergljót S. Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 31. ágúst 2020
UST202007-108/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2031 – Endurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Friðlýst svæði og samráð

Í greinargerð er fjallað um þau friðlýstu svæði í töflu 4-3 sem eru innan sveitarfélagsins og eru þau sex talsins.

Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum og mikilvægt að það komi fram í tillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að markaður sé skýr rammi og skilyrði í tillögunni sem ná til friðlýstra svæða og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar svæðanna.

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi stofnunarinnar samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er tekur til friðlandanna og umhverfisáhrifa tillögunnar á þau.

Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæðin. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Verndarsvæði í þéttbýli

Í þéttbýli Kópavogs eru friðlýst svæði eins og Borgir og Víghólar og mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að lagt er mat á áhrif tillögunnar á svæðin og að leitað sé umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt, sbr. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging í þéttbýli hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og hraun, votlendi, vötn, leirur og birkiskógar. Hægt er að sjá útbreiðslu vistkerfanna og jarðminjanna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), serstokvernd.ni.is, og vefsíðu Skógræktarinnar, www.skogur.is.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa og jarðmyndana sem falla undir 61. gr. laganna, hvaða takmarkanir og skilmálar eiga við á þessum svæðum og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.

Aðrar náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að innan sveitarfélagsins fellur Elliðaárdalurinn undir aðrar náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að mörk svæðisins séu sýnd á uppdrætti í tillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins er annað svæði sem fellur undir aðrar náttúruminjar sem nefnist Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um náttúruminjarnar í tillögunni og mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Skógrækt í upplandi

Í greinargerð kemur fram að um 157 ha land er skilgreint sem skógræktarsvæði í Lækjarbotnalandi í upplandi Kópavogs og komið hafa fram hugmyndir um frekari skógrækt í upplandinu.

Innan svæðisins eru friðlýst náttúruvætti (Tröllabörn) og hraun (Strípshraun og Stropahraun) og gervigígar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktaráform rýri ekki verndargildi verndarsvæðanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að afmörkun skógræktarsvæða taki tillit til verndargildis svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að skoða þarf betur áhrif á náttúrufer og hvort þar séu takmarkanir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfis skyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað

Flugvöllur - Sandskeið

Í greinargerð kemur fram að á Sandskeiði hefur verið aðstaða Svifflugfélags Íslands um árabíl og eru m.a. áform um að bæta aðstöðuna og lengja flugbraut til austurs. Umhverfisstofnun bendir á að austan við flugbraut er vatn sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mikilvægt að mati stofnunarinnar að tekið sé tillit til þess.

Gönguleiðir í upplandi

Umhverfisstofnun telur að það þurfi að skilgreina frekar samgönguleiðir í upplandinu og í fólkvanginum m.t.t. mismunandi ferðamáta (gönguleiðir/hjólaleiðir/reiðleiðir/), m.a. til að stýra umferð og álagi á svæðinu. Auk þess þarf að mati stofnunarinnar að fjalla um í tillögunni leiðir til að afmá villislóðir.

Tröllabörn stækkun

Í greinargerð koma fram hugmyndir um stækkun friðlýsta svæðisins við Tröllabörn. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 44. gr. náttúruverndarlaga tekur ráðherra ákvörðun um breytingu friðlýsingar en áður skal liggja fyrir mat á áhrifum hennar. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, viðkomandi náttúruverndarnefndar, náttúruverndarsamtaka og eftir atvikum annarra fagstofnana.

Þríhnúkagígur

Í greinargerð kemur fram að hugmyndir eru um jarðgöng í Þríhnúkagíg, móttökuaðstöðu og skilgreindur er aðkomuvegur að gígnum á uppdrætti. Umhverfisstofnun telur að gerð jarðganga að gígnum og gerð aðkomuvegar geti haft veruleg neikvæð óafturkræf umhverfisáhrif fyrir svæðið í för með sér.

Hraun fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á að skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruferirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Fráveita

Í greinargerð er fjallað um fráveitumál í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Íbúðabyggð

Í greinargerð kemur fram að náttúruvarnarmál á Vatnsendaheiði og Vatnsendahvarfi hefur lítið verndargildi. Umhverfisstofnun tekur undir að lúpína, mólendi og tún eru ríkjandi á þessum svæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan svæðanna m.a. vistgerðin lyngmóavist á láglandi sem hefur miðlungs verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í lyngmóavist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfuttillingur (*Anthus pratensis*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um vistgerðirnar í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á búsvæði fuglanna.

Mikilvæg fuglasvæði

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ sem nefnist Álftanes – Skerjafjörður (<https://www.ni.is/node/16104>)

Umhverfisstofnun bendir á að innan fuglasvæðisins eru fuglategundirnar sendlingur og æður sem eru ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012, er nefnist „Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsstöðun tegunda og tillögur að vöktun“ eftir Guðmundur A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson, segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um svæðið í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á búsvæði fuglanna.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná

fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Viðlegukantur

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti til suðurs í suðurhluta Kópavogshafnar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ef viðlegukanturinn er gerður úr opinni landfyllingu þarf leyfi til varps í hafið hjá Umhverfisstofnun samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, en opin landfylling telst vera varp í hafið samkvæmt 4. gr. í leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis (sem eru aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar).

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð er fjallað um skiptingu náttúruminjaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Í B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Álftanes - Skerjafjörður (<https://www.ni.is/greinar/sv-alftanesskerjafjordur>) og Elliðavatn (<https://www.ni.is/greinar/sv-ellidavatn>).

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.


Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf.

Með tillögunni fylgir drög/vinnslutillaga á þemakorti um vegaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur til að þar sem skráin skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er háð samráði og samþykki stofnunarinnar innan friðlýsta svæða að sveitarfélagið boði til samráðsfundar með sérfræðingum stofnunarinnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur